**136. löggjafarþing 2008–2009.**
**Þskj. 427 — 263. mál.**

# Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um tjón af Suðurlandsskjálfta í maí sl.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvert varð heildartjón í Suðurlandsskjálfta í maímánuði sl. á lausafé, á mannvirkjum og samtals?
2. Hve mörg tjón hafa verið tilkynnt samtals og sundurliðað í lausafé og mannvirki?
3. Hver var meðalfjárhæð tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals?
4. Hve hárri fjárhæð nemur heildargreiðsla Viðlagatryggingar Íslands vegna tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals?
5. Hve há fjárhæð fellur á tjónþola vegna tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals og hver er meðalfjárhæðin í hverju tilviki?
6. Hve há er fjárhæðin sem Viðlagatrygging Íslands greiðir í auknar tjónabætur vegna lækkunar á sjálfsábyrgð lausafjár úr 85.000 kr. í 20.000 kr. sem ákveðin var með bráðabirgðalögunum 7. júní 2008, hve mörg eru tjónin og hver er meðalfjárhæðin í hverju tjóni sem bráðabirgðalögin ná til?
7. Hve mörg tjón eru óuppgerð og hvað er áætlað að þau nemi hárri fjárhæð samtals og sundurliðað eftir lausafé og mannvirkjum?

**Skriflegt svar óskast.**